




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Klettaborg Starfsáætlun 2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
3	Innra mat deilda	6
	Hrafnaklettur	8
	Arnarklettur	10
	Kríuklettur.....	12
	Fálkaklettur.....	14
4	Innra mat sérkennslu.....	16
	Mat á sérkennslu 2022-2023.....	16
	Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.....	16
5	Innra mat – fjöltyngd börn	17
	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023	17
	Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024.....	18
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	19
8	Foreldrasamvinna.....	20
9	Skipulagsdagar.....	20
10	Skóladagatal	21
11	Menntastefna greinargerð.....	22
12	Fylgigögn.....	23
	Fylgiskjal 1 – Umsögn foreldraráðs	23



Leiðarljós leikskólans

Virðing – Umburðarlyndi – Kærleikur - Hugrekki

1 Greinargerð leikskólastjóra

Farið var í einu og öllu eftir starfsáætlun síðasta skólaárs og bætt í eftir áhuga, farið í ýmsar áttir sem börnunum hugnaðist en við höfum haldið í okkar viðmið og fastar venjur eins og vera ber.

Á skipulagsdegi síðastliðið haust var einn þáttur grunnþátta menntunar tekin fyrir, að þessu sinni fengum við Verkefnastjóra á Skóla og frístundasviði til að fjalla um þáttinn Sköpun. Að hennar sögn er sköpun nauðsynlegur þáttur í allri menntun sem nær til allra annarra grunnþátta menntunar. Að sköpun ætti að vera þáttur í öllu námi og starfi ekki einungis listmenntun. Eftir þennan dag fór mjög frjó umræða af stað í leikskólanum og hefur hún varðað faglega umræðu allan veturinn meira og minna. Margar hugmyndir og leiðir ræddar og framkvæmdar. Mikil sköpun á sér stað bæði inni og úti öllum til gagns og gamans nú sem áður en segja má að innlegg Kristínar hafi verið góð næring fyrir okkur öll og mikilvæg hvatning.

Til stóð að öðlast Regnbogavottun en það náðist ekki sökum anna hjá umsjónarfólki en við höldum áfram næsta vetur. Starfsmenn fá fræðslu í tvö skipti frá fulltrúum Regnbogavottunar og að því loknu öðlumst við réttindi til að flagga Regnbogafána.

Í starfsþróunarsamtölum í lok apríl var rætt um líðan starfsfólks, samskipti, skapandi starf og hugtök sem gangast okkur í samskiptum við börnin. Eftir samtölin urðum við sammála um að hugtökin **virðing, umburðarlyndi og kærleikur** geta gagnast vel við að efla hugrekki barnanna. Til að efla hugrekki með börnunum þurfum við að ræða og hugleiða ofangreind hugtök og spyrja okkur. Vitum við hvernig hægt er að kenna virðingu með því að virða, kærleika með því að sýna kærleika eða umburðarlyndi með því að sýna umburðarlyndi ?

Þessum spurningum verður reynt að svara og fenginn sálfræðingur og listgreinakennari til að vera með innlegg um hugtökin á skipulagsdegi til að styrkja okkur enn frekar í nálgun til barnanna í gegnum sköpun inni og úti.

Almenn ánægja ríkir í starfsmannahópnum með samvinnu og líðan í starfi, engar breytingar verða í okkar hópi aðrar en þær að ein mun koma til baka úr fæðingarorlofi eftir áramót.

Annað sem vert er að nefna er að við ætlum að hafa verkefnastjóra í leiklist næsta vetur í 50% starfi .



Virðing - Umburðarlyndi - Kærleikur - Hugrekki

Með hugtökin; **Virðingu – Umburðarlyndi og Kærleika** að leiðarljósi ætlum við í gegnum skapandi starf í leik úti sem inni að efla og styrkja **Hugrekki** barnanna.

Hugrekki – Við eflum hugrekki með því að sýna þroska barnanna virðingu, umburðarlyndi og kærleika. Hugrakkur einstaklingur sýnir sjálfstæði en hugrekki eflum við og lærum með að reyna, prufa og upplifa samskipti og umhverfi, í gegnum leik og skapandi starf.

Virðing er víðtækt orð sem hefur ótal merkingar, við ætlum að rækta með okkur virðingu og enn dýpri skilning á þroska barna, hvar eru þau stödd? Sýna þeim, þroska þeirra og verkum virðingu.

Umburðarlyndi fyrir ólíkum skoðunum og leiðum í öllum leik og í allri sköpun með umburðarlyndi að leiðarljósi erum við góðar fyrirmyndir fyrir börnin. Sitjum okkur í spor annarra lærum að við erum ólík og þannig á það að vera.

Kærleikur – við sýnum kærleika með því að taka eftir hverjum og einum einstaklingi og gefa öllum af tíma okkar, hrósum, snertum, hlustum, erum elskuleg og vingjarnleg.

Vissan um kærleikann getur virkað sem vernd gegn kvíða, því er mikilvægt að viðurkenna alla eins og þeir eru, hrósa og sýna ást og umhyggju. Elskaður einstaklingur lærir að elska sjálfan sig og aðra og öðlast trú á sjálfan sig og aðra.

Hugrakkur einstaklingur virðir aðra, er umburðarlyndur og kærleiksríkur.

Hugrakkur einstaklingur getur valið og hafnað fyrir sig sjálfan, hefur kjark og þor.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Það sem var metið	Framkvæmd	Þátttakendur	Helstu niðurstöður
Starfsáætlun	Á Deildarfundum og í stjórnendateymi umræður	Allt starfsfólk deilda, stjórnendur og börn	Veturinn hefur verið skemmtilegur og allt náðst sem ákvörðun var tekin um í starfsáætlun tækifæri til umbóta er í að virkja sköpun í leik enn frekar
Menntastefnuverkefnið Nú er úti veður...	Gátlistar og samtal á deildarfundum Barnafundir	Allt starfsfólk Nokkur börn á mismunandi aldri	Gengið vel en til viðbótar og þæginda þarf að gera boxin aðgengilegri og verða settar upp hillur í fataherbergi fyrir nokkur box í senn.

Ytra mat

Það sem var metið	Framkvæmd	Þátttakendur	Helstu niðurstöður
Starfsmannakönnun	Á netinu spurningar í tölvupósti	Allir starfsmenn	Mjög ánægjulegar niðurstöður
Foreldrakönnun	Á netinu spurningar í tölvupósti	Allir foreldrar	Mjög ánægjulegar niðurstöður



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024


Ytra mat – starfsmannakönnun *Stofnun ársins* var framkvæmt í mars 2023 og erum við afar ánægð með útkomuna þáðan en þar skorum við mjög hátt í öllum þáttum nema launakjörum. Yfirskrift könnunarinnar er eins og fram hefur komið hér að ofan *Stofnun ársins* en við erum ekki að keppa við aðra en sjálf okkur og viljum styðja hvert annað í fagmennsku og góðri menningu. Við fögnum öllum könnunum og tökum þátt eins og vera ber en sækjumst ekki eftir titli eða gráðu, munum nota frábærar niðurstöður okkur til gagns.

Niðurstöðum í heild er stillt upp í samanburði allra starfsstöðva í borginni og við erum þar með.

Þeir þættir sem starfsfólk var innt eftir eru: Stjórnun -Starfsandi -Launakjör – Vinnuskilyrði – Sveigjanleiki í vinnu – Ímynd stofnunar – Sjálfstæði í starfi – Ánægja og stolt - Jafnrétti.

Helstu niðurstöður í samanburði við starfstöðvar á Skóla og frístundasviði eru hér að neðan, Klettaborg er neðsta línan í hverjum lið ljósblá.

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði



Ytra mat - Starfsmannakönnun

Þeir þættir sem starfsfólk var innt eftir eru: Stjórnun -Starfsandi -Launakjör – Vinnuskilyrði – Sveigjanleiki í vinnu – Ímynd stofnunar – Sjálfstæði í starfi – Ánægja og stolt - Jafnrétti.

Verða niðurstöður þessarar könnunar nýttar okkur til áframhaldandi góðs skólabrags.

Ytra mat - Foreldrakönnun

Niðurstöður foreldrakönnunar bárust í seinna lagi þetta árið en voru afar góðar og hjálplegar fyrir okkur til að viðhalda góðum leikskólabrag. Farið verður yfir niðurstöðurnar og rýnt í þær á fyrsta skipulagsdegi í haust og gerðar umbætur til að viðhalda góðri leikskólamenningu.



3 Umbótaáætlun Klettaborg ábyrgð stjórnenda

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Traust og vellíðan	Að allt starfsfólk finni fyrir vellíðan og treysti stjórnendum	Fleiri samtöl um traust og vellíðan. Hvatning til opinna samskipta	Stjórnendur deilda leikskólastjóri og aðstoðar leikskólastjóri	Haut 23	Vor 24	Stjórnendur samtöl við starfsfólk, tillögur frá starfsfólki um hvernig traust og vellíðan er styrkt enn frekar	Helstu niðurstöður skráðar og ræddar, breytingar skoðaðar
Ímynd afstaða til skólans	Fræðsla til starfsfólks	Spurninga könnun	Stjórnendur	Haut 23	Vor 24	Námskeið á skipulagsdegi	Aftur könnun og niðurstöður skoðaðar
Uppeldis- og menntastarf							
Virðing Kærleiki Umburðarlyndi Hugrekki	Að dýpka skilning og notkun hugtakanna	Fræðsla á skipulagsdegi / dögum á haustönn 23	Leikskólastjóri deildarstjórar	Haut 23	Vor 24	Skipulagsdagur vor 24	Hvað hefur breyst allir tjá sig og benda á fleiri leiðir
Mannauður / Leikskólabragur							
Hvatning til allra starfsmanna um að styrkja fagleg viðmið og vinnubrögð	Góð og hlýleg samskipti. Gleði ríkir hér	Fræðsla á skipulagsdegi / dögum á haustönn 23	Leikskólastjóri	Haut 23	Vor 24	Skipulagsdagur vor 24	Niðurstöður úr samtölum við allt starfsfólk rýndar
Innra mat							
Deildarstarf metið reglulega	Öll viðfangsefni deildanna	Fundir með öllu starfsfólki um áætlun deildarinnar	Deildarstjóri	Haut 23	Vor 24	Deildarfundir hálfsmánaðarlega	Skráningar fundanna skoðaðar – hvernig gekk
Leikskólastjóri sendir spurningarlista og gátlista til starfsmanna um verkefni sem eru í gangi	Starfsáætlun	Allir fá tíma til að lesa	Leikskólastjóri	Haut 23	Vor 24	Viðtöl við starfsfólk	Gátlisti Hvernig gekk ? Umbætur áætlaðar



Hrafnaklettur - Mat og umbótaáætlun

Starfið á Hrafnakletti gekk vel í vetur og hélt barnahópurinn sér að stórum hluta frá vetrinum á undan. Aðeins þrjú börn voru í aðlögun í ágúst og komu þau öll af öðrum leikskólum. Árgangurinn þetta árið, voru allt börn fædd 2019.

Starfsmannahópurinn var sá sami og síðasta vetur, tveir leikskólakennarar, einn þroskaþjálfari og einn leiðbeinandi. Það var gaman að fá að vinna með nánast sama barnahóp áfram og geta haldið áfram sama starfi með nýjum og meira krefjandi áherslum.

Útinám er stór hluti starfsins okkar og voru ófáar gönguferðir farnar um hverfið síðasta vetur. Þá könnuðum við nærumhverfið, æfðum umferðarreglur, fræddumst um gróður og skordýr og ekki síst nutum góðrar útivistar.

Þar sem hópurinn var orðinn vanur göngu og þol og styrkur hafði aukist mikið var ákveðið að lengja ferðirnar í vetur og fara út fyrir hverfið okkar með strætó einnig. Frá september til apríl voru farnar 7 vettvangsferðir. Áfangastaðirnir voru: Hallgrímskirkja, Ráðhús Reykjavíkur, Hólavallakirkjugarður, Háskólasvæðið, Klambratún, Borgarbókasafnið í Grófinni og Elliðaárdalur. Í þessum ferðum var deildinni skipt upp í tvo hópa og 3-4 starfsmenn fóru með hvorn hóp. Þessar ferðir slógu alveg í gegn hjá börnum og starfsfólki og áhugi og fræðslufýsni barnanna mikil. Umræðan lifði lengi eftir hverja ferð og tengdist inn í frjálsa leikinn. Það var gaman að sjá hversu mikið gönguþol barnanna hafði aukist frá síðasta vetri og voru að meðaltali gengnir rúmlega 3 km. í hverri ferð. Ferðirnar voru skráðar í máli og myndum og safnað í möppu inn á deild.

Blæ-vináttustundir voru aðra hverja viku í janúar og febrúar þar sem við lásum bækur um vináttuna, hlustuðum á tónlist og áttum góðar umræður.

Lestur skipar stóran sess í starfinu okkar og var haldið áfram með verkefnið: „bókaormur dagsins“. Þá fær eitt barn í viku að koma með bók að heiman sem starfsmaður les fyrir barnahópin. 1-3 orð eru valin úr textanum af foreldrum og barni og voru þau svo sett á bókaskrímli deildarinnar. Orðin eru útskýrð af starfsmanni og merking þeirra rædd. Mikil ánægja er með þetta verkefni og heldur það áfram næsta vetur.


Fimm tvítýngd börn eru á deildinni og hefur *Gefðu 10* verið markvisst notað með þeim ásamt skráningum á framförum sem hefur verið í höndum þroskaþjálfara.

Þroskaþjálfari nemi var í verknámi á deildinni í 6 vikur í febrúar og mars. Hún tengdist börnunum vel og nýttust verkefni hennar með börnum sem þurfa örvun í leik og máli.

Umbótaþættir síðasta vetrar gengu vel og náðust öll markmið sem við settum okkur.

Þjóðsaga vetrarins um *Fóu og Fóu Feykirófu* fléttaðist inn í allt starf deildarinnar bæði í orðum og athöfnum. Börnin voru hugmyndarík með útfærslur í sköpunarvinnu og gekk endursögn barnanna af sögunni vel í lok tímabilsins.

Deildarstjóri Hrafnakletts



Umbótaáætlun

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málumhverfi	Tengja þjóðerni barna/starfsfólks við starf deildar	Hlusta á tónlist frá þjóðlöndum barna/starfsfólks. Hafa þjóðfána sýnilega	Allir starfsmenn deildar	Haut 23	Vor 24	Metið á deildarfundum og skráning	Allir þjóðfánar barna/starfsfólks sýnilegir. Aukin ánægja í samveru/söngstund
Miðsvæði leikskólans	Fækka börnum á deild. Nýta Glym og Listaskála betur	4-5 börn með starfsmanni á Miðsvæði eftir nónhressingu	Allir starfsmenn deildar	Haut 23	Vor 24	Metið á deildarfundum og skráning	Að börn fái rýmra pláss til leiks og fækkun barna á deild leiði til minnkunar hávaða



Arnarklettur – Mat og umbótaáætlun

Það urðu miklar breytingar á barnahópnum á Arnarkletti fyrir skólaárið 2022/23 enda kvöddu elstu börnin okkur og hófu grunnskólagöngu og inn kom nýr barnahópur. Við lögðum ríka áherslu á að börnin tileinkuðu sér reglur og dagskipulag deildarinnar auk þess að þjappa barnahópnum saman þar sem þau voru að koma úr ólíkum áttum. Það tók smá tíma að samstillta hópinn en þegar leið á veturinn vorum við farin að kynnast vel innbyrðis bæði börn og starfsfólk.

Við gerðum litlar breytingar á dagskipulagi fyrir veturinn og héldum áfram með sömu áherslur og fyrri ár sem við aðlöguðum að yngri barnahóp. Málörvun skipar þar stóran sess þar sem rík áhersla er lögð á að lesa fyrir börnin auk annarra málörvunarverkefna. Við unnum með *Lubbi finnur málbein* og fer það verkefni í endurmat fyrir næsta vetur til að efla það enn frekar. Þula mánaðarins var á sínum stað, en börnin læra eina þulu í mánuði sem þau myndskreyta og safna í sína þulubók. Þessi vinna hefur skilað góðum árangri og eru flest börnin áhugasöm um að láta lesa fyrir sig, spyrja fleiri spurninga og eru almennt áhugasöm um þau verkefni sem lögð eru fyrir þau.

Vináttuverkefni Barnaheilla er fastur liður í starfinu og bangsinn Blær fær að fylgja börnunum í leik og starfi. Skipulagðar Blæstundir voru einu sinni í viku þar sem unnið var m.a. með klípusögur, nuddstundir og ýmsa fræðslu til að stuðla að góðum samskiptum milli barnanna. Markmiðið er að stuðla að því að börnin verði færari í að tala um tilfinningar sínar, láta vita ef eitthvað kemur upp á og eiga betri samskipti hvort við annað. Þessi vinna heldur áfram næsta vetur þar sem við munum leggja ríka áherslu á samskipti.

Þjóðsaga vetrarins var sagan um *Fóu og Fóu Feykirófu* og fléttaðist vinna tengd henni inn í allt starfið. Börnin sköpuðu ýmis verkefni tengd sögunni og í vor gerði hvert barn sína endursögn.


Skapandi starf fléttaðist inn í allt starfið í vetur með það að markmiði að kynna börnunum ólíkar aðferðir með áhöld og efnivið. Verkefnin voru fjölbreytt og var hluta af þeim safnað í ferilmöppur barnanna sem fer síðan með þeim heim að lokinni leikskólagöngunni. Börnin voru yfir höfuð mjög áhugasöm um vinnuna og kalla mjög reglulega eftir verkefnum þar sem þau fá að skapa.

Nú er úti veður... Menntastefnuverkefni leikskólans hélt áfram í vetur. Lagt var upp með aukna hreyfingu í útiveru og að nýta nærumhverfið til ýmissa verkefna. Við höfum smám saman verið að byggja ofan á verkefnið og í vetur var lögð áhersla á umhverfismennt og hringrásir í náttúrunni. Í vor var farið í pappírsgerð þar sem börnin tóku þátt í að endurvinnu gamlan pappír og búa til ný blöð. Verkefnið gekk vel og voru börnin mjög upphrifu af ferlinu og sjá afurðina í lokin. Við höldum að sjálfsgöðu áfram að setja niður matjurtir og fræ í gróðurkassana okkar og biðum spennt eftir að sjá hvaða uppskeru við fáum í haust.

Umbótaþættir síðasta vetur voru sýn barna, málörvun og umhverfismennt. Þessir þættir gengu ágætlega og höldum við áfram að vinna með þessa þætti næsta vetur. Eins og fram hefur komið er rík áhersla á málörvun innan deildarinnar, börnin tóku þátt í að meta starfið og lögð var áhersla á umhverfismennt tengt Menntastefnuverkefninu Nú er úti veður.... Næsta vetur ætlum við að gera umbótaþætti á verkefninu *Lubbi finnur málbein* með það að markmiði að efla hljóðkerfis- og málvitund barnanna. Einnig munum við gera breytingar á dagskipulaginu til að koma til móts við ólíkar þarfir í barnahópnum.

Það verða litlar breytingar á barnahópnum fyrir næsta vetur og munum við því getað byggt ofan á þá vinnu sem fram hefur farið í vetur og gert umbætur á þeim þáttum sem þess þurfa.

Deildarstjóri Arnarkletts



Umbótaáætlun

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Efla hljóðkerfis- og málvitund barnanna.	Nota efniviðinn <i>Lubbi finnur málbein</i> í vinnu með börnunum. Nýta þætti úr Hljóm-2 okkur til stuðnings auk annarra málörvunarverkefna. Endurmenntun starfsfólks (Lubba-námskeið)	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Haust 23	Vor 24	Niðurstöður úr Hljóm-2 auk reglulegs stöðumats yfir veturinn í formi umræðna á deildarfundum.	Niðurstöður úr Hljóm-2 og TRAS
Dagskipulag/ hádegishvöld	Breyting á hádegishvöld til að koma til móts við ólíkar þarfir í barnahópnum.	Skipta börnunum í hópa eftir þroska/færni/getu svo allir fái að njóta sín í þeim verkefnum sem í boði eru hverju sinni.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Haust 23	Vor 24	Umræðumat starfsfólks á deildarfundum reglulega yfir veturinn auk ánægjumats barnanna nóv'23. Stöðumat des'23	Að fá jákvæða niðurstöðu úr mati barnanna auk þess að ná betri jafnvægi og ró inni á deildinni



Kríuklettur - Mat og umbótaáætlun

Vetrarstarfið fór vel af stað hjá okkur á Kríukletti. Við fengum 5 ný börn til okkar til viðbótar við þau 10 börn sem voru á deildinni fyrir. Aðlögun gekk vel og voru nýju börnin fljót að kynnast leikskólanum, starfsfólki og börnunum. Við gátum byrjað verkefnavinnuna í september og náðum að byggja ofan á verkefni síðasta vetrar.

Í upphafi vetrar var ákveðið að vera með umsjónarmann/ábyrgðarmann fyrir hópastarfið. Umsjónarmaðurinn sá um skráningu og hélt utan um þau verkefni sem unnin voru. Umbótaþáttur sem sneri að menntastefnu verkefninu okkar, *Nú er úti veður...*, fór mjög vel af stað. Markmiðið var að börnin færu að minnsta kosti einu sinni í viku í útikennslu. Í þessum ferðum skapaðist góður tími fyrir umræður og kennslu.

Önnur verkefni sem unnin voru markvisst á deildinni voru meðal jóga. Börnin fóru á fimmtudögum í jógastund í litlum hópum, þar var unnið með öndun og jógastöður. Í foreldraviðtölunum sem tekin voru í apríl nefndu margir foreldrar að þau hefðu upplifað jógastund heima með sínu barni, þar sem barnið kenndi jóga og vildi að foreldrar tækju þátt. Vel tókst til með þetta verkefni og verður því haldið áfram næsta vetur.

Lögð var áhersla á könnunarleikinn. Þar fengu börnin að upplifa ýmis konar opin efnivið. Gaman var að fylgjast með börnunum nálgast efniviðinn á ólíkan hátt og rannsaka umhverfið sitt.

Töluverð breyting varð á starfsmannahópnum eftir áramót. Deildarstjóri kom til baka eftir fæðingarorlof. Einn starfsmaður fór í fæðingarorlof og annar kom úr fæðingarorlofi. Svona breytingar hafa áhrif á starfið, bæði börn og starfsfólk þurfa tíma til að kynnast. Einnig var farið í framkvæmdir á deildinni í febrúar. Á meðan á þeim stóð voru börnin flutt á aðra deild. Það hafði einnig áhrif á deildarstarfið.

Bókalestur skipar stóran sess í okkar starfi. Markmið deildarinnar er að lesnar séu 15 bækur á mánuði. Fyrir áramót var minna um lestur en áður og samverur nýttar í söng. Deildarstjóri sá um mest allan lestur á deildinni, en eftir samtali í desember voru starfsmenn sammála um að auka aftur lestur og setja hann í forgang. Þau börn sem ekki sofa í hádeginu fá lestrarstund á hverjum degi. Starfsmenn sjá um að skrá lestur deildarinnar á litla hringi sem mynda lestrarorm og hefur lestur á deildinni aukist og markmið náðst.

Eftir áramót unnum við með þjóðsöguna um *Fóu og Fóu Feykirófu*. Sagan var lesin daglega fyrstu vikurnar. Verkefnavinna tengd sögunni var fjölbreytt; leirvinna, teikningar og fönður. Verkefninu lauk með endursögn barnanna.

Unnið var með *Gefðu 10* með tveim börnum. Verkefnið gekk vel fyrir áramót en upplifun starfsfólks er að ekki hafi verið unnið nógu markvisst úr skráningunum og áhugi starfsfólks misjafn. Starfsfólk deildarinnar hefur óskað eftir kynningu og kennslu um þetta verkefni á skipulagsdegi eða á deildarfundi. Verkefnið fer aftur í umbætur. TRAS listar hafa ekki verði fylltir út og fer það verkefni í umbótaáætlun fyrir næsta vetur.

Bangsinn Blær, sem er vináttuverkefni Barnaheilla, kom minna í heimsókn til okkar en áður þetta skólaárið. Þetta verkefni ætlum við að vinna markvissara með næsta vetur. Lögð verður áhersla á að allt starfsfólk deildarinnar sem ekki hefur farið á námskeið á vegum Barnaheilla fari á slíkt námskeið.

Deildarstjóri Kríukletts



Umbótaáætlun

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál.	Að <i>gefðu 10</i> aðferðin sé notuð með öllum fjöltyngdum börnum deildarinnar.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Haust 23	Vor 24	Yfirfara skráningar blöð á fundum deildarinnar	Meta framfarir í málþroska barnanna eftir að allir starfsmenn hafa gefið barninu jákvæð málörvandi samskipti í leik og starfi eftir aðferð <i>Gefðu 10</i> .
TRAS	TRAS listar fylltir út fyrir öll börn sem eru orðin 3 ára	Skráning. Unnið með þætti úr TRAS	Deildarstjóri	Haust 23	Vor 24	Listar fylltir út og unnið með þá þætti sem þarf.	Niðurstöður úr TRAS og allir listar fylltir út
Blær- vináttuverkefni barnaheilla	Hafa markvissar Blæ stundir og nota kennslufnið	Hafa fasta tíma í dagskipulaginu fyrir Blæ stundir	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Haust 23	Vor 24	Skráningar og umræðumat á deildarfundum í nóv '23 og apríl 24	Að öll börn fari í Blæ stund 2 sinnum í mánuði



Fálkaklettur – Mat og umbótaáætlun

Starfið á Fálkakletti gekk vel í vetur. Við vorum með elstu börnin og miðaðist starfið út frá því. Barnahópurinn var sá sami og árið áður að auki bættust fimm börn við hópinn. Tuttugu og þrjú börn voru á deildinni fyrir áramót og tuttugu og tvö eftir áramót. Þetta var stór hópur og var mikil vinna í því að hafa næg verkefni og nýta allt pláss sem við gátum til að allir gætu notið sín.

Við fórum í margar ferðir til að auka víðsýni þeirra. Listasöfn, ýmsar sýningar og fleiri viðburði sem elstu börnunum er boðið upp á. Það var mikil ánægja með það hjá börnum og foreldrar höfðu orð á hvað við værum dugleg að fara í svona margar ferðir með börnin. Eftir áramót tóku börnin þátt í að meta ferðirnar og voru þau almennt ánægð með þær, það var liður í umbótaáætlun. Gerðar voru skráningar eftir hverja ferð og sett í möppu fyrir deildina og einnig sent heim í tölvupósti. Börnin fengu síðan að velja sér eina skráningu til að hafa í sinni ferilmöppu.

Við unnum með lýðræði og það að allir mega hafa sína skoðun og að það sé hlustað á hana. Þau fengu að hafa áhrif á það sem gert var á deildinni t.d. í listsköpun. Þegar unnið var með þjóðsöguverkefnið um *Fóu og Fóu Feykirófu* og fleiri verkefni þá notuðum við spurningarnar „hvað vilt þú gera“ og „hvernig viltu gera það“. Þannig fengu þau að koma með sínar hugmyndir og unnu út frá því. Við ætlum að halda áfram með það næsta vetur en þá verða yngri börn á deildinni

Í umbótaáætlun var að efla málþroska barna og auka samskiptin. Við unnum með litla hópa í málörvun, settum inn „bókaorm“ en þá komu þau með sína bók að heiman sem við lásam saman og barnið „bókaormurinn“ var í aðalhlutverki og sagði frá bókinni. Þau fengu verkefni að taka mynd af uppáhalds leikfanginu sínu heima og segja frá því út frá myndinni fyrir framan hópinn. Lubba stund var einu sinni í viku og hundurinn Lubbi fór heim með öllum börnum, síðan lásam við saman hvað Lubbi gerði heima með þeim og hvaða stafi þau voru að læra. Skráningar á *Gefðu 10* gekk ekki vel fyrir áramót en eftir áramót náðum við að skrá aðeins meira. Við teljum okkur vera í miklum samskiptum við barnahópinn en það er ábótavant með skráningarnar. Því setjum við það í umbótaáætlun.

Þjóðsagan um *Fóu og Fóu Feykirófu* var á sínum stað eftir áramót og þau gerðu skemmtileg listaverk út frá henni þar sem hvert barn vann sitt verk úr opnum efnivið. Þau endursögðu söguna og var hún sett í bókaform sem þau fóru með heim.

Menntastefnuverkefnið Nú er úti veður... var ekki með hefðbundnum hætti hjá elstu börnunum. Við fórum víða um borgina í ferðum okkar, en tókum það upp að nýju með yngri börnin næsta haust. Þar sem við verðum meira í nærumhverfinu og notum útikennsluboxin.

Gott samstarf var við grunnskólann í hverfinu og fóru börnin reglulega í heimsóknir í skólann og eru því tilbúnari að byrja í skólanum í haust eftir að hafa kynnst skólaumhverfinu.

Við unnum með umhverfismennt í daglegu starfi og í samverustundum. Oft komu upp spurningar um plast, pappír og rusl í umhverfinu í ferðum okkar um borgina sem við ræddum um. Við endurnýttum pappír til að gera nýjan og tóku börnin virkan þátt í ferlinu. Börnin flokkuðu óskilaföt sem þau fóru með og gáfu í rauða krossinn. Við teljum okkur hafa náð því markmiði í umbótaáætlun að gera börnin meðvituð um að hugsa vel um jörðina.

Í umbótaáætlun næsta vetur ætlum við að fylla út TRAS. Börnin sem byrja hjá okkur í haust verða með útfyllt TRAS blað og við ætlum að halda áfram að fylla inn í, tvisvar á ári og fylgjast þannig með málþroska barnsins, nýta það í málörvunarhópum og fara yfir það í foreldraviðtölum.

Einnig ætlum við að setja inn í umbótaáætlun að fylla út einstaklingsáætlun fyrir hvert barn eftir haust foreldraviðtölin og setja í ferilmöppu. Foreldrar eiga að skila inn blaði í viðtalinu og út frá því er gerð einstaklingsáætlun. Síðasta vetur var ekki nema helmingur foreldra sem skilaði inn blöðunum en nú ætlum við að ganga á eftir því við foreldra.

Deildarstjóri Fálkakletts



Umbótaáætlun

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aukin málörvun	Efla málþroska barna	Vinna með málörvunar verkefni í litlum hópum og vinna með þætti úr TRAS	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Haust 23	Vor 24	Skráningar og umræðumat á deildarfundi í nóv 23 og mars 24	Að öll börn fari í málörvun einu sinni í viku og að niðurstöður séu fylltar inn í TRAS
Einstaklingsáætlun fyrir hvert barn		Foreldrar taka þátt í því með að koma með áherslur fyrir barnið í foreldraviðtal	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Haust 23	Vor 24	Skráningar og umræðumat á deildarfundi í nóv 23 og mars 24	Að hvert barn eigi einstaklingsáætlun í ferilmöppunni sinni sem við endurmetum yfir árið
Gefðu 10	Að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn	Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Haust 23	Vor 24	Skráningar og umræðumat á deildarfundi í nóv 23 og mars 24	Að öll fjöltyngd börn fái markviss samskipti við kennara



4 Innra mat sérkennslu


Mat á sérkennslu 2022-2023 og áætlun 2023 - 2024

Skipulagning sérkennslu 2022-2023	Sérkennslustjóri fer inn á allar deildar einu sinni í viku í 2 kl. í senn. Þar er haft í huga menntun án aðgreiningar. Unnið er í hóp eða í einstaklingsvinnu og yfirsýn og skráningu. Einnig er málörvun 2 daga í viku frá 10-12 þar sem unnið er aðalega með þau börn sem hafa haft aðkomu hjá talmeinafræðingi..
Þau matsgögn sem höfð eru til viðmiðunar	TRAS,AEPS,HLJÓM-2 og fl.
Námsefni sem notað var.	Námsgögn sem eru til og einnig gögn sem fundin eru á síðum á netinu sem við eiga varðandi sérkennslu.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Snemmtæk íhlutun	Markviss snemmtæk íhlutun, fylgst með atferli og þroska barnanna í leik og daglegum verkefnum. Lausnarteymi fundar reglulega, þar er farið yfir skráningar.	Skráningar og áætlun gerð til þriggja mánaða í senn. Fagfólk fengið að málum þar sem þurfa þykir, talmeinafræðingar, sálfræðingar o.s.frv.	Sérkennslustjóri deildarstjóri og leikskólastjóri	Haut 23	Vor 24	TRAS, AEPS, Hljóm-2 og aðrar skráningar sem gerðar eru reglulega í þeim stundum sem starfsmenn og deildarstjóri ákveða í samráði við sérkennslustjóra. Stöðumat minnst á sex vikna fresti.	Farið yfir skráningar og matstæki sem notuð hafa verið á deildarfundum, teymisfundum og deildarstjórafundum sem sérkennslustjóri situr. Lausnarteymi gerir áætlun um framhaldið í hverju og einu tilviki.

Sérkennslustjóri



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Nýting á fjármagni	Fjármagn vegna fjöltyngis er notað til kaupa á efnivið og fræðslu til starfsmanna.	
Markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða).	<p><i>Gefðu 10</i> er notað á öllum deildum með fjöltyngdum börnum. Á eldri deildum er unnið markvist með <i>Lubbi finnur málbein</i>. Þjóðsöguverkefni er unnið frá áramótum og fram á vor með öllum börnum þar sem notast er við námsefnið Ótrúleg eru ævintýrin. Aðstandendur barnanna eru hvattir til að taka þátt með því að lesa þjóðsöguna heima. Við sendum söguna heim ásamt orðaskýringum. Einnig höfum við sent hljóðskrá heim til að styðja við fjöltyngdar fjölskyldur.</p> <p>Börnin fá okkar útgáfu af Orðabókin mín heim með sér 1 -2 í viku þar sem við drögum fram daglegt starf með myndum af barninu í hinum ýmsu aðstæðum og orðum og hvetjum aðstandendur til að skoða með börnunum.</p>	
Markvisst vinna fer fram með orðaforða barnanna.	Það er mikið lesið og talað um innihald þess sem lesið er. Við spilum mikið með börnunum einslega og í litlum hópum og leggjum þar áherslu á orðanotkun og skilning. Kennarar eru með þeim í gönguferðum og öðrum aðstæðum og setja orð á það sem er í umhverfinuÞað eru þula mánaðarins í hverjum mánuði og farið yfir orð og skýringar á þeim.	
Fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku.	Við notum hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn til að meta framfarir. Það eru gerðar áætlanir með hverju barni. Hver deild gerir áætlanir fyrir deildina þar sem áherslur eru á t.d. liti, umhverfið, árstíðina, líkama og fl.	Þau matstæki sem notuð eru: Hljóm 2 – TRAS – Efi 2 og fleira.
Hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna.	Við leggjum áherslu á að börnin taki virkan þátt og öðlist færni í samskiptum sín á milli og við fullorðna. Hjálpum þeim að læra á umhverfið og styðjum við þau í því að læra og skilja tungumálið.	Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fræðsla	Auka þekkingu starfsfólks á fjöltyngis og fjölmenningu	Fræðsla/námskeið fyrir starfsfólk á skipulagsdegi	Leikskólastjóri/Aðstoðarleikskólastjóri	Haust 23	Vor 24	Umræðumat	
Áætlanir	Einstaklings-áætlanir	Gerðar einstaklings-áætlanir fyrir öll fjöltyngd börn.	Deildarstjórar/Aðstoðarleikskólastjóri	Haust 23	Vor 24	Gátlistar og mat deildarstarfsmanna	Endurmat
Framfarir	Meta framfarir reglulega	Markvisst unnið með Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn	Starfsfólk deilda/Aðstoðarleikskólastjóri	Haust 23	Vor 24	Farið yfir Listana	Að það sé fyllt út í listana á 6 – 8 vikna fresti

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl verða við leikskólastjóra á haustönn í nóvember og á vorönn í mars/apríl. Deildarstjórar bjóða einnig upp á samtöl við alla starfsmenn þar sem farið er yfir helstu áherslur deildarinnar.

Menntastefnuverkefnið okkar Nú er úti veður... hefur gengið vel. Sýnishorn allra veðra sem við höfum notið á liðnu ári hafa hjálpað mikið. Markmiðin hafa náðst og við ætlum að halda áfram.

Fræðsla verður að þessum vetri eins og fram kemur að framan í greinargerð leikskólastjóra á skipulagsdögum - Hugtök / hugtakanotkun, skapandi leikur og nálgun. Regnbogavottun.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við grunnskóla og frístundaheimili hverfisins hefur verið með fjölbreyttu sniði yfir veturinn. Dagsetningar eru settar fyrir viðburðina/verkefni að hausti í samstarfi við deildarstjóra grunnskólans og yfirmann frístundastarfsins.

Í þessu verkefni taka þátt: Deildarstjóri elstu barnanna og kennarar 1. bekkjar í Hamraskóla ásamt skólastjórnendum beggja skólanna. Umsjón með verkefninu hefur deildarstjóri elstu deildar hverju sinni.

Upphafsfundur með deildarstjóra elstu deildarinnar og kennurum 1. bekkja dagsetningar og viðburðir ákveðnir á fundi í haust en hér á eftir er áætlun án dagsetninga tekið mið af fyrri árum.

Grunnur að samvinnu - Tímatafla	
September	Elstu börn Klettaborgar koma í heimsókn eftir að skólatíma lýkur hjá 1. bekk. Skólastjórnendur taka á móti þeim og sýna þeim stofuna hjá 1. bekk. Börnin fá tíma til að leika sér og skoða sig um.
Október	Heimsókn í Hamraskóla samsöngur. 1 bekkur Hamraskóla kemur í heimsókn á Klettaborg tvískiptur bekkur.
Nóvember	Nemendur úr 4. bekk lesa fyrir krakkana á Klettaborg í tilefni af Degi íslenskar tungu.
Nóvember	Valtími, heimsókn í Hamraskóla og börnin taka þátt í vali með 1. bekk. 10- 12 leikskólabörn fara í einu.
Desember	Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur.
Janúar	Foreldrafundur í Hamraskóla með leikskólastjóra og skólastjóra Hamraskóla.
Janúar - Apríl	Heimsókn í frístund einu sinni í mánuði. Umsjónarmaður frístundar og deildarstjóri elstu barnanna skipuleggja.
Febrúar	Heimsókn í Hamraskóla. Börnin fara með nesti og taka einnig þátt í frímínútum.
Febrúar	Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur.
Mars	Valtími í Hamraskóla í val með 1. bekk. ca. 10-12 leikskólabörn fara í einu.
Apríl	Samsöngur í Hamraskóla.
Apríl – Maí	Vorskóli í Hamraskóla í lok maí fyrir þau börn sem eru skráð í 1. bekk þar haustið 2024. Ábyrgð foreldra að fara með þau í vorskólann – samstarf milli skóla að sækja þau eftir vorskólann
Maí	Börn Klettaborgar og 1. bekkur hittast á skólalóð Hamraskóla í skipulögðum leikjum



8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í október. Í ráðinu eru 3 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Helsta hlutverk ráðsins er að gefa umsögn um starfið og starfsáætlunina.

Foreldrafélag, tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum.

Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt.

Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum miðað er við einn fulltrúa frá hverri deild og varamenn. Einn tengiliður frá leikskólanum situr formlega fundi með stjórnarfulltrúum þegar verkefni eru til umfjöllunar sem tengjast hefðum leikskólans og foreldrafélagsins.

Foreldrafundir að hausti í október, auglýstir með góðum fyrirvara. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30-9.30 og eru tvær deildir saman á fundi.

Foreldrafundur með foreldrum elstu barnanna í janúar dagsetning verður auglýst með góðum fyrirvara. Það er samstarfsverkefni Hamraskóla og Klettaborgar. Sá fundur er haldinn í Hamraskóla. Frístund er með á þeim fundi.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin og auglýsa tíma með góðum fyrirvara.

Foreldrum með annað tungumál en íslensku er boðið að fá túlk í öllum helstu samskiptum við leikskólann, í fyrsta upplýsingaviðtali þegar barnið byrjar í leikskólanum, í aðlögun 1-2 sinnum á aðlögunartíma, í foreldraviðtölum, foreldrafundum og eftir þörfum. Einnig er fenginn símatúlkur ef þörf er talin á því. Foreldrar fá hljóðskrá til sín þegar vinna með árlega þjóðsögu hefst í leikskólanum, til þess að geta hlustað á söguna með barninu og heyrt hvernig þjóðsagan er á íslensku. Nýtt eru þau tilkynningablöð sem hægt er að finna á vef Reykjavíkurborgar undir „Skilaboð frá leikskóla“. Foreldrum er jafnframt bent á þær vefsíður Reykjavíkurborgar sem gætu nýst þeim.

Fylgirit með starfsáætlun er viðburðadagatal þar sem fram koma ýmsir viðburðir ásamt skipulagsdögum og foreldrasamstarfi.

Tölvupóstar með helstu fréttum að deildum eru sendir oftast vikulega og leikskólastjóri sendir tvisvar til þrisvar á önn um starfið í heild og tilkynningar sem mikilvægar eru hverju sinni.

9 Skipulagsdagar

Á skólaárinu 2023 -2024 verða skipulagsdagar sem hér segir með fyrirvara um breytingar.

15. september '23 eftir hádegi

12. janúar '24 eftir hádegi


6. október '23 allan daginn

6. febrúar '24 allan daginn

24. nóvember '23 allan daginn

29. apríl '24 allan daginn

30. apríl '24 allan daginn



fasti	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÍJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 M	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 L	2 F	2 D	2 F	2 D	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 M	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 F	4 D	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 D	5 F	5 M	5 D	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 D	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 D	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 M	8 F	8 M	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 D	9 F	9 L	9 D	9 F	9 S	9 D
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 S	10 M	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 M	11 M	11 F	11 S	11 F	11 F	11 F	11 D	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 S	12 F	12 M	12 D	12 D	12 F	12 M	12 M
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 D	13 M	13 L	13 L	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 D	14 S	14 S	14 M	14 F	14 S	14 S	14 D	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 M	15 F	15 F	15 F	15 M	15 M	15 M
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 D	16 F	16 F	16 D	16 D	16 Þ	16 D
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 L	17 M	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 M	18 F	18 F	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 F	19 Þ	19 M	19 D	19 F	19 F	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 D	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 F
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 F	21 S	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 M	23 L	23 D	23 F	23 L	23 D	23 M	23 S	23 D
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 M	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 D	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 F	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 D	27 M	27 L	27 M	27 F	27 F
28 M	28 F	28 L	28 S	28 F	28 M	28 M	28 M	28 S	28 F	28 F	28 F
29 D	29 F	29 M	29 S	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 M
30 M	30 L	30 M	30 M	30 F	30 D	30 L	30 D	30 D	30 F	30 S	30 D
31 F		31 F			31 M				31 F		31 M

Skóladagur
12 jan - eftir haldgi
6. feb - allan daginn
23 apr - allan daginn
30 apr - allan daginn

Föreldradagur
10. okt - Föreldradagur HKKHK
11. okt - Föreldradagur AKKPK

Föreldradagur
24. okt - Ömmu og áka kaffi
7. feb - Föreldrar í morgunmat
24. apr - Öpp þús

Sérstakir dagar
5. jan - Þreindaball
11. jan - Vasalisdagur
14. feb - Óskodagur
8. mar - Fugldagur
12. apr - Hvásdagur

Skóladagur
20. sep - Hóldisdagur
25. okt - Þingisdagur
31. okt - Þingisdagur
10. nov - Óbrennisdagur
15. des - Jólaball

Skóladagur
23. apr - Þróttaball
31. maí - Þróttaball
7. jún - Sölgvagnsdagur
14. jún - Lýðveldisdagur

Skóladagur
22. sep - Grænn dagur
13. okt - Bláur dagur
23. nov - Bláur dagur
9. des - Þróttaball dagur
20. jan - Þróttaball dagur

Skóladagur
23. feb - Svartur dagur
27. mar - Svartur dagur
18. apr - Svartur dagur
24. maí - Þróttaball dagur

Með fyrirvara um breytingar

11 Menntastefna greinagerð

Nú er úti veður... hefur verið yfirheiti á Menntastefnuverkefni Klettaborgar frá upphafi og var engin breyting á því í ár. Verkefnið heyrir undir þáttinn heilbrigði sem er víðtækt og teljum við að það nái að spanna alla grunnþætti Menntastefnunnar og tækifæri til náms eru óendanleg.

Markmið verkefnisins eru skýr og eiga sér hvorki upphaf né endi því við þurfum að rækta líkama og sál alla ævi. Við leggjum áherslu á að starfsfólk séu góðar fyrirmyndir og hvetji börnin áfram í þeim verkefnum sem eru í boði hverju sinni.

Við höfum komið okkur upp verkefnabanka sem starfsfólk hefur gott aðgengi að og hvetjum alla til að bæta í hann og koma hugmyndum sínum á framfæri. Útikennsla er orðin fastur liður í dagskipulagi leikskólans og var starfsfólk duglegt að nýta nærumhverfið ásamt því að fara í lengri ferðir til að fræða börnin. Líkt og undanfarin ár settum við niður matjurtir og fræ í gróðurkassana okkar í vor sem endar með uppskeruhátíð í haust. Börnin taka þátt í öllu ferlinu og aðstoða við að grænmetið fái að vaxa og dafna í friði yfir sumartímann.

Í ár var lögð sérstök áhersla á umhverfismennt og að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni. Við töluðum um hringrásir í náttúrunni og af hverju það er mikilvægt ganga vel um jörðina. Börnin tóku m.a. þátt í að flokka rusl sem til féll á deildunum og við lögðum sérstaka áherslu á að flokka pappír. Í maí var sett upp smiðja þar sem við endurunnum pappírinn og bjuggu börnin til blöð sem þau nýta áfram í verkefnavinnu. Við söfnuðum saman óskilamunum sem börnin aðstoðuðu við að flokka sem síðan verður sendur í rauðakrossinn eða til þeirra sem þeirra þarfnast.

Við teljum að verkefnið hafi gefið okkur tækifæri til að þróa okkur áfram í starfi og við höfum náð að festa í sessi mikilvæga þætti sem efla og styrkja heilbrigði barna í víðum skilningi.



12 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2023 – 2024 Leikskólinn Klettaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ásgeir Andri Guðmundsson

Sif Vilhjálmsdóttir

Úlfhildur Ó Sigursveinsdóttir




Umsögn foreldraráðs:

Foreldrafélagið hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Klettaborgar fyrir veturinn 2023-2024 og uppfyllir hún þau skilyrði sem SFS setur

Ánægjulegt að lesa þetta og fá að fylgjast vel með því sem leikskólinn gerir og hvernig sé alltaf verið að reyna að bæta það sem er þó mjög gott nú þegar. Gaman er að lesa að starfsfólkið ánægt skv könnuninni. Enda finnst það vel á því þegar gengið er inn í leikskólann að andinn er mjög góður í húsinu og allir hlýlegir og glaðir í viðmóti.

Með þessum orðum vill foreldraráðið kveðja leikskólann með mikilli hlýju og ánægju og þakkar fyrir árin sem hafa liðið. Nú óskum við næsta foreldraráði góð gengis þar sem algjör endurnýjun verður núna á foreldraráðinu.

F. h. leikskólans Klettaborgar



Júlíana S. Hilmisdóttir
Leikskólastjóri



Dagsetning og staður

